

BORGARRÁÐ 19. október 2023: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um starfshóp vegna veggjakrots – MSS23100176

Nú hefur veggjakrot aukist og er til mikillar óprýði í miðbæ Reykjavíkur. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að settur verði á laggirnar starfshópur sem hefur það hlutverk að leggjast yfir þetta vandamál og koma með tillögur um hvað hægt er að gera til að sporna við veggjakroti og hvernig skuli bregðast við þessum vaxandi vanda.

Greinargerð:

Ef heldur áfram sem horfir þá mun veggjakrot verða sem aldrei fyrr og hreinsun mun valda borginni gríðarlegum kostnaði. Aldrei næst í skottið á þeim sem krotu. Á meðan það eru ekki afleiðingar af eignaspjöllum sem þessum þá getur það virkað sem enn frekari hvati til að skemma meira. Í dag býður borgin upp á svokallaða fyrstu hreinsun en það úrræði dugar ekki þeim íbúum miðborgarinnar sem eru mest útsettir fyrir þessum skemmdarverkum. Enda þótt krot sé fjarlægð strax þá er því miður krotuð aftur og aftur. Nú stendur vonandi til að auka eftirlitsmyndavélar í borginni og hægt væri að setja þær upp á útsettustu stöðunum. Ef einhverjir skemmdarvargar næðust eftir að þeir hafa verið myndaðir við iðju sína og krafðir um greiðslu fyrir skemmdirnar má ætla að það hefði fælingarmátt.